

SFR-stéttarfélag í almannaþjónustu
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

5. mars 2007

Varðar: kröfu um endurgreiðslu veikindalauna

Með bréfi dags. 22. janúar sl. óskar SFR eftir því að réttindanefnd BSRB taki til skoðunar ákvörðun skattstjóra um að endurkrefja starfsmann sinn KH sem er félagsmaður í SFR, um ofgreidd veikindalaun. Málavextir eru í stuttu máli þeir að KH hefur unnið í rúmlega 16 ár hjá ríkinu og átti hún því 273 daga veikindarétt samkvæmt kjarasamningi. Hún var veik að hluta og í starfi að hluta á tímabilinu frá 4. febrúar 2004 til 23. október 2006. Í byrjun desember 2006 var farið yfir veikindadaga hennar og var reiknað út að hún hefði fengið ofgreidd laun. SFR óskaði eftir því við skattstjóran að hann frestaði endurkröfunni og varð skattstjórinn við þeirri beiðni fram yfir áramótin 2006/2007. KH var svo endurkrafín um ofgreidd veikindalaun en endurkröfuupphæðin var miðuð við eins og hún hefði átt 360 veikindadaga. Við mat á því hvenær vinnuveitanda er heimilt að krefjast endurgreiðslu koma til skoðunar nokkur sjónarmið. Endurheimta vinnuveitanda á ofgreiddum launum er almennt talin útilokuð sé viðtakandi greiðslunnar í góðri trú um að greiðslan sé rétt. Þá er horft til eftirfarandi atriða við mat á heimild vinnuveitanda til endurgreiðslu:

1. Vinnuveitandi er sá sem annast almennt útreikninga launa og á starfsmaðurinn á að geta treyst því að útreikningur sé réttur.
2. Greiðslurnar sem starfsmaður veitir viðtöku eru notaðar sem framfærslueyrir.
3. Á að geta treyst því að um rétt uppgjör sé að ræða og að hann eigi það ekki á hættu að hróflað verði við því síðar.

Hins vegar geta aðstæður verið þannig að starfsmanni mátti vera ljóst að ofgreitt var og getur vinnuveitandi því í þeim tilvikum fengið endurgreitt.

1. Rangar upplýsingar frá starfsmanni.
2. Tekur ekki við greiðslu í góðri trú.

Í því tilviki sem hér er til umföllum er um að ræða ofgreiðslu veikindalauna til starfsmanns. Vinnuveitandi er sá sem annast almennt og talningu á veikindarétti og útreikninga launa. Starfsmaðurinn á að geta treyst því að sá útreikningur sé réttur. Það er erfitt að vita hvenær veikindaréttur klárast þar sem talning veikindadaga er almennt flókin, sérstaklega ef það eru hlutaveikindi eins og í þessu tilviki. Sjá álit Umboðsmanns Alþingis; mál nr. 665/1992:

„Þegar laun eru ofgreidd vegna misskilnings launagreiðanda um staðreyndir, verða þau yfirleitt ekki endurheimt úr hendi grandlauss launþega. Hafi launþegi aftur á móti verið grandsamur um ofgreiðsluna, getur launagreiðandi átt rétt til endurheimtu þess fjár, sem ofgreitt var. Það sama á við, hafi launagreiðandi ofgreitt laun vegna rangra upplýsinga frá launþega eða annarra sambærilegra tilvika. Vegna eðlis launagreiðslna og þess aðstöðumunar, sem almennt er á milli launagreiðanda og launþega við uppgjör og útreikninga launa, verður þó að gera þá kröfu, að ekki verði verulegur dráttur á endurheimtu ofgreiddra launa. Verður að ganga út frá því að verulegt tómlæti launagreiðanda í þessu efni leiði til brottfalls endurkröfu hans. Loks ber að hafa í huga, að samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, fynast á fjórum árum kröfur um endurgjald á því, sem greitt hefur verið í rangri ímynd um skuldbindingu. Eins og fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 29. apríl 1993, lét A af störfum hinn 31. ágúst 1988. Þar sem hún var þá óvinnufær, naut hún veikindaréttinda óháð starfslokum og átti hún því rétt til launa nokkru lengur en sem nam uppsagnarfresti, sbr. bréf fjármálaráðuneytisins frá 29. apríl 1993. Eins og hér stóð því á og með tilliti til þeirrar fjárhæðar, sem ofgreidd var, verður naumast fullyrt, að A hafi mátt vera ljóst, að henni hefðu verið ofgreidd laun. Þá verður heldur ekki séð, að henni verði á nokkurn hátt um það kennt, að laun voru ofgreidd. Að framansögðu athuguðu og með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir mig hafa verið lögð, verður að telja, að fjármálaráðuneytið hafi ekki öðlast endurkröfu vegna hinna ofgreiddu launa. Þegar af þessari ástæðu er ekki grundvöllur fyrir endurkröfu fjármálaráðuneytisins, sem A kvartar yfir. Þá má einnig benda á, að þótt gengið væri út frá þeirri forsendu, að fjármálaráðuneytið hefði eignast endurkröfu á hendur A, væri sú krafa fyrnd, sbr. 5. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.“

Er það því mat réttindanefndar BSRB að í því tilviki sem um ræðir þá hafi KH verið í góðri trú og vinnuveitanda því ekki heimilt að endurkrefja KH um endurgreiðslu veikindalauna.

F.h. Réttindnefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl